

Jacqueline, ekkja Picassos:

„Og þá sagði ég við Erró: af hverju ekki?“

— sýning á verkum Picassos opnar næstu listahátíð

„Já, það er öruggt að listahátíð ykkar Reykvikinga hefst með opnun sýningar á verkum Picassos,” sagði Jacqueline Picasso, ekkja Pablos Picassos, í samtali við blaðamann DV á laugardag.

Jacqueline Picasso kom til Íslands á laugardag til að kanna aðstæður vegna þessarar sýningar.

„Hugmyndin að þessu kom upp er við Erró og Gilbert Haas drukkum saman morgunkaffi á Café de Flore ekki alls fyrir löngu. Það barst í tal að verk eftir Picasso úr einkasafni

mínu væru á leið á sýningu í Montreal. Erró spurði mig: af hverju ekki að sýna þau á Íslandi? og ég svaraði: af hverju ekki? Eg er búin að athuga aðstæður og sé ekkert því til fyrirstöðu að af sýningunni geti orðið. Nei, ég er ekki búin að velja myndir, slíkt krefst gaumgæfilegrar athugunar. Dagurinn sem ég hef eytt hér á Íslandi hefur verið sérstaklega ánægjulegur og það var sérstaklega skemmtilegt að koma hingað í fyrsta skipti,” sagði Jacqueline Picasso.

Að sögn Salvarar Nordal er ekki

búið að ganga endanlega frá málinu, en Jacqueline valdi sýningunni stað í Kjarvalssal Kjarvalsstaða. Mun hún velja verkin sjálf og stjórna uppsetningu þeirra. Salvör sagði að búast mætti við að þetta yrði allkostnaðarsöm sýning, ekki vegna fjárfarna ekkjunnar heldur trygginga og löggæslu. Verður verkanna gætt dag og nótt af löggæslumönnum. Sýningin hefst um leið og listahátíð, 31. maí. Listahátíðinni lýkur formlega 17. júní en horfur eru á því að verkin verði sýnd talsvert



Jacqueline Picasso. Á innfelldu myndinni er Portrett af Madame Z, en Jacqueline sat fyrir er Picasso gerði þá mynd.

mikið lengur, ef til vill hátt á annan mánuð.

Jacqueline Picasso hafði eins dags viðdvöl á Íslandi á leið vestur um haf. Auk þess sem hún skoðaði og valdi sýningarstað snæddi hún hádegisverð í boði borgarstjóra og

kvöldverð í boði listahátíðar. Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndaleikstjóri sýndi þeim Jacqueline og fylgdarmanni hennar, Gilbert Haas, svo landið í langri flugferð síðdegis þar sem Omar Ragnarsson sat við stjórnvölina. —ÁS

Bandaríkjamenn hóta Japönnum refsingum

— ef þeir kaupa hvalkjöt af Íslendingum eftir að þessari vertíð lýkur

Oskar Magnússon, DV, Washington: Bandaríkjamenn hafa í hyggju að beita Japani refsingum ef þeir halda áfram að kaupa hvalkjöt af Íslendingum eftir að þessari vertíð lýkur. Japan er aðalmarkaður Íslendinga með hvalkjöt.

Samkvæmt heimildum DV mun John Burne, sérfræðingur Bandaríkjustjórnar í hvalveiðimálum, hafa tjáð Halldóri Asgrímssyni sjávarútvegsráðherra þessa stefnu bandarísku stjórnarinnar á óformlegum fundi þeirra í Bournemouth í Englandi í síðustu viku. Halldór og Burne voru þá báðir staddir í Bournemouth vegna aðalfundar

Alþjóða hvalveiðiráðsins. Þær refsingar sem Bandaríkjamenn geta væntanlega beitt Japani eru að skera niður fiskveiðikvóta þeirra við Bandaríkin. Samkvæmt svonefndum Packwood-Magnússon lögum er Bandaríkjustjórn talið skylt að skera niður fiskveiðikvóta þeirra þjóða sem ekki fara að alþjóðasamþykktum um veiðar. Fyrsta árið skal kvótinn skorinn niður um helming og síðan að fullu. Japanir veiða nú um 900 þúsund tonn af fiski árlega í bandarískri lögsögu. Talið er að þeir muni ekki stofna þeim veiðum í hættu með kaupum á hvalafurðum af öðrum þjóðum. Eftir þessu að dæma

myndi japanski markaðurinn lokast og Íslendingar yrðu að leita markaðar fyrir hvalafurðir annars staðar eða neyta þeirra heima fyrir.

Á meðan þessu vindur fram eru í gangi málaferli hér í Bandaríkjunum vegna hvalveiða Japana sjálfra. Einn viðmælandi DV benti á að það skyti nokkuð skökku við ef beita ætti Japani refsingum vegna kaupna á afurðum frá öðrum þjóðum en ekki vegna eigin veiða. Málaferlin er hins vegar ekki til lykta leidd. Úrslit þeirra kunna að verða á þá leið að Japanir verði beittir viðurlögum vegna eigin veiða.

-KP.

„Drögin eru athyglisverð“

— segir Davíð Oddsson um úttekt á stöðu Bæjarútgerðarinnar og Ísbjarnarins

„Drögin eru athyglisverð. Næsta skref verður tekið eftir viku eða svo,” sagði Davíð Oddsson, borgarstjóri Reykjavíkur, í gær. Spurt var um skýrslu sem unnið hefur verið að um úttekt á Bæjarútgerð Reykjavíkur og Ísbirninum. Drög að skýrslu liggja nú fyrir og borgarstjóri sagðist litlu vilja við þetta bæta öðru en að vel þyrfti að skoða drögin áður en næsta skref yrði tekið.

Birtingar úttektarinnar á fyrir-tækjunum tveimur hefur verið beðið með nokkurri óþreyju. Borgarstjórinn kom með hugmyndina að viðræðum um samvinnu fyrir-tækjanna.

Verkfræðingar, tæknifræðingar og löggiltir endurskoðendur hafa unnið að þeirri úttekt sem nú liggur fyrir hjá borgarstjóra.

-DG.

Í dag mælir Dagfari,

Í dag mælir Dagfari

Í dag mælir Dagfari


Albert segir hernum stríð á hendur

Albert hefur tekið til sinna ráða og er farinn í stríð við herinn. Var ekki seinna vænna að einhver Íslendingur mannaði sig upp í að taka varnarliðið í bóndabeygju og sýna því í tvo heimana.

Bandaríkjamenn hafa verið að færa sig upp á skaftið að undanförmu. Þeir láta sér ekki nægja að setja lög í sínu eigin landi heldur eru þeir farnir að grafa upp lög sem þeir telja að gildi í öðrum löndum. Þannig hefur einhvert huldufyrirtæki, sem kallar sig Rainbow Navigation, hafið siglingar til Íslands í skjóli bandarískra einokunarlaga. Flytur þetta skipafélag göss fyrir varnarliðið og þykist geta gert það án tollskoðunar. Bandaríkjamenn mega okkar vegna samþykka hvaða dellulög sem þeir vilja vestur þar en það er mikill mis-skilningur að halda að þau lög gildi hvar sem er í heiminum. Og meðan Bandaríkjamenn halda þessari bábilju til streitu og láta sér ekki skiljast er ekki um annað að ræða en láta íslensk lög gilda í íslenskri lögsögu. Ef Kanarnir eru svona löghlyðnir þá hljóta þeir að gegna lögum hvar sem þau eru sett.

Íslensk lög gera ráð fyrir að allur innflutningur til landsins sé tollskoðaður. Jafnvel ferðalangar einir síns liðs eru berháttuðir og gegnumlýstir og skinkubitar og dönsk spægpylsa er hirt af saklausu fólki samkvæmt tollalögum. Ef einhverjum dettur í hug að kaupa sér þrettán bjórflöskur í stað tólf þegar hann kemur heim í bjórlausu fódurlandið er hann umsvifalaust sekur fundinn fyrir smygl og tollsvik. Íslenskir sjómenn eru meðhöndlaðir eins og galeiðuprælur í hvert skipti sem þeir koma heim og fá móttökur á við forhertustu glæpamenn. Það sleppur sem sagt enginn í gegnum græna hliðið hjá tollinum nema hafa hreint sakavottorð og skitugar nærbuxur í farangrinum.

Á sama tíma hefur varnarliðið og flutningaskip á þess vegum notið þeirra forréttinda að transportera heilum skipsförmum af gánum sem enginn veit hvað innihalda. Þeir gætu þess vegna flutt inn samanlagða gin- og klaufaveiki í einum litlum gámi, heilt tonn af fíkniefnum og bjór sem flytur á okurprísum út af Vellinum.



Enginn hefur sagt neitt vegna þess að Íslendingar hafa viljað vera góðir við varðhundana sína og talið þá hafna yfir lög og rétt. Nú, þegar Albert hefur ákveðið að ein lög skuli gilda í þessu landi yfir jafnt réttláta

sem rangláta, jafnt soldáta sem sauðsvartan almúgann, reka Amerikanarnir upp stór augu og senda frá sér mótmæli í nafni sendiherrans og forsetans.

Ámátleg mótmæli frá banda-

rískum yfirvöldum bita ekki á Albert Guðmundssyni. Hann lætur hvorki Pentagon né Hvíta húsið segja sér fyrir verkum.

Það verður hinsvegar óborganleg sena þegar Albert okkar verður boðinn í Hvíta húsið til viðræðna um lausn á þessari alþjóðadeilu þar sem Bandaríkjaforseti heimtar að fá að flytja inn gin- og klaufaveiki til Íslands án afskipta tollyfirvalda. Þá verður sláttur á okkar manni enda Albert vanur að umgangast höfðingja og munar ekki um að siga tollþjónum á ameríska herinn og hafa sigur ef því er að skipta.

Sennilega hefur engum manni dottið það fyrir í hug að leggja privat og persónulega til atlögu við bandaríska herinn — og hafa betur. Því sanniði til að ef Bandaríkjamenn vilja veifa lögum þá kann Albert það líka. Ameríska hamborgara mega þeir éta heima í sínu guðs eigin landi en hér á Íslandi skal lambakjötið ofan í þá meðan Kanarnir standa í þeirri firru að bandarísk lög nái yfir Albert.

Dagfari